

Samþykkt um djúpgámalausnir í Reykjanesbæ

Inngangur

Samþykkt þessi er ætluð lóðarhöfum, húsfélögum, hönnuðum og öðrum þeim sem áhuga hafa á að koma fyrir djúpgámum, sem úrgangslaun, á lóð sinni.

Samþykktin er ætluð fyrir framkvæmdaaðila, ráðgjafa og verktaka frá hugmyndastigi og allt þar til djúpgámar eru teknir í notkun.

Djúpgámalausnir flokkast í umfangsflokk 1 (skv. kafla 1.3.2 í byggingarreglugerð nr.112/2012) og eru skráningarskyldir í fasteignaskrá. Skylt er að leita byggingarheimildar frá embætti byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar og þarf samþykki að liggja fyrir áður en framkvæmdir við djúpgáma hefjast. Nánari upplýsingar um umsóknarferli eftir umfangsflokkum er að finna á heimasíðu Reykjanesbæjar, eða með því að smella [hér](#).

Djúpgámar leysa af hólmi sorptunnur og / eða sorpgáma og er þeim komið fyrir í steiptum ramma sem grafinn er niður. Efri hluti djúpgáms líkist hefðbundinni ruslatunnu sem komið er fyrir á yfirborði lóðar en undir yfirborðinu er stórt rými sem tekur við úrganginum sem settur er í tunnuna.

Djúpgámar eru snyrtilegir í umhverfinu og taka við meira magni úrgangs en hefðbundnar sorptunnur. Nokkrar útfærslur eru til þar sem m.a. er hægt að fá tvískipta gáma og einnig eru þeir misstórir að rúmmáli. Þannig er hægt að velja hvað hentar út frá þörfum á hverjum stað fyrir sig.

Djúpgámar henta vel til þess að gera frágang á úrgangslausnum meira aðlaðandi sem og umhverfisvænni. Þeir eru fyrirferðarminni en hefðbundnar lausnir sem staðsettar eru alfarið ofanjarðar og henta einnig þar sem yfirborðspláss er af skornum skammti.

Flokkun úrgangs


Reglurnar um flokkun úrgangs eru þær sömu hvort sem notaðar eru hefðbundnar sorptunnur eða djúpgámar. Nánari upplýsingar um flokkun og úrgangsmeðhöndlun er að finna í samþykkt um meðhöndlun úrgangs fyrir Reykjanesbæ.

Tæknilegar kröfur / Kröfulýsing

Innkaup og uppsetning á djúpgámum er ávallt á ábyrgð þess sem óskar eftir að koma þeim fyrir. Kalka sorpeyðingarstöð s.f. sér um að semja við þjónustuverktaka sem sjá um úrgangshirðu í Reykjanesbæ. Þjónustuverktaki sér um tæmingu á djúpgámum en áður en þeir eru teknir í notkun ber eigendum að tilkynna það til Kólku sem tryggir þá að losun þeirra sé komið í hefðbundin farveg.

Djúpgámar skulu uppfylla kröfur í stöðlum ÍST EN 13071 hluta 1-3.

Einungis er leyfður upphífangarbúnaður sem samanstendur af tveim lykkjum á móti hvorri annarri (e. two loops parallel) skv. ÍST EN 13071-3. Fjarlægð, d , milli lykkja skal vera 140 mm – sjá skýringamynd að neðan.



Mynd 1: Fjarlægð milli lykkja

Djúpgámar með eina lykkju, tvær lykkjur í línu, þrjár lykkjur í línu eða svepp (e. mushroom) eru ekki leyfðir og verða ekki tæmdir af þjónustuverktaka. Ramminn sem djúpgámurinn er staðsettur í neðanjarðar skal vera útbúinn fallvörn, svo sem loki sem lokast sjálfkrafa þegar djúpgámurinn er hífður úr rammanum við tæmingu. Fallvörnin má ekki vera staðsett neðar en 210 mm frá efri brún ramma. Jafnframt er vakin athygli á kafla 6.12.8 í byggingarreglugerð nr.112/2012 um aðkomu að vatni sem og niðurfalli við úrgangslausnir. Byggingarfulltrúa er heimilt að setja fram stífari kröfur um frágang og umhirðu.

Staðsetning

Aðgengi að djúpgámum skal vera óskert. Það þýðir að ekki má vera neitt fyrir ofan djúpgáma, sem gæti hindrað hífingu, neðar en 6 m. Til hliðar við djúpgámasvæðið má ekki vera neitt sem gæti hindrað tæmingu, nær en 1,5 m.

Við val á staðsetningu skal taka tillit til að djúpgámar eru tæmdir af sérútbúnum losunarbíl, sem þýðir að aðgangsvegur skal vera minnst 3,6 m breiður og hafa nægilega burðargetu fyrir að minnsta kosti 26 tonna farartæki. Í göturými skal forðast að djúpgámar séu staðsettir nær gatnamótum en 15 m.

Staðsetning djúpgáma má ekki hindra aðgengi sjúkra- og slökkviliðs að íbúðum. Grenndargerði með djúpgámum (gámaklasi) skal þannig staðsett að það uppfylli kröfur um fjarlægð frá inngangi samkvæmt byggingarreglugerð nr.112/2012, með síðari tíma breytingum.

Djúpgámar skulu staðsettir við hlið götu, hægra megin í akstursstefnu. Fjarlægð frá götubrún að hífingarkrók á djúpgámi má ekki vera meiri en 4 m.

Ef djúpgámar eru staðsettir við botnlangagötu, skal vera nægt pláss svo að losunarbíll geti snúið við og athafnað sig án vandræða eða þrengsla. Einnig þarf að tryggja að akandi umferð komist óhindrað fram hjá losunarbíl þegar hann sinnir tæmingu.

Innkastlokið skal vera vatnspétt og ekki skal staðsetja djúpgáma á lægsta punkti í landslaginu svo ekki sé hætt á að vatn flæði ofan í gáminn eða gámarammann.

Djúpgámar skulu ávallt þannig staðsettir og samsettir að þeir uppfylli kröfur sveitarfélagsins um flokkun úrgangs. Sjá nánari upplýsingar í samþykkt um meðhöndlun úrgangs fyrir Reykjanesbæ.

Djúpgámar skulu vera staðsettir innan lóðarmarka viðkomandi lóðar. Djúpgámar innan lóðarmarka eru séreign viðkomandi lóðar, en lóð getur ýmist verið séreign eða sameign. Lóðarhafar bera ábyrgð á rekstri og viðhaldi djúpgámanna og eru þeir einungis ætlaðir lóðarhöfum.

Aðgengi

Ekki má staðsetja neitt sem hindrað gæti aðgengi að djúpgámum nær en 1,0 m. Aðgengi skal vera slétt og án hárra kantsteina eða hækkana sem gætu hindrað aðgengi allra.

Svæðið og gönguleið að djúpgámum skal vera upplýst m.t.t. þæginda og aukins öryggis fyrir notendur djúpgámanna sem og sorphirðuaðila. Huga þarf að hálkuvörn í kringum djúpgáma og gæti snjóbræðslukerfi verið einn kostur þegar þetta er skoðað.

Gera skal grein fyrir fyrirkomulagi, staðsetningu og aðkomu á aðaluppdráttum.

Stærð og fjöldi djúpgáma

Þegar ákvörðun um djúpgámalausn liggur fyrir og hönnunarferli hefst, er mikilvægt að stærð og fjöldi djúpgáma séu áætlaðir á eins réttum grunni og hægt er. Staðsetning og útfærsla á sorphirðu byggðri á djúpgámalausn skal taka mið af því, að með góðu móti megi auka við eða stækka djúpgámana á seinni stigum verði kröfum um úrgangsméðhöndlun breytt.

Við ákvörðun á fjölda og stærð djúpgáma verður að tryggja að nægilega margir djúpgámar komist fyrir þar sem erfitt getur reynst að fjölga þeim ef þeir yfirfyllast sem getur orðið til þess að úrgangur fer að safnast upp í kringum gámana og skapa óþrifnað. Athugið að lóðarhafi ber ábyrgð á að úrgangslaun henti því úrgangsmagni sem fellur til í húsnæðinu.

Taflan hér að neðan sýnir magntölur sem miðaðar eru út frá þeim grunni sem gengið er út frá í sérbýlum í Reykjanesbæ. Eftirfarandi magntölur gera ráð fyrir að blandaður úrgangur og lífrænn eldhúsúrgangur sé losaður á 14 daga fresti en pappír / pappi og plastumbúðir á 28 daga fresti. Þessar magntölur skulu hafðar til hliðsjónar þegar stærð og fjöldi djúpgáma er áætlaður en mikilvægt er að horfa einnig til fjölda íbúa þegar ákvörðun um fjölda og stærð djúpgáma er tekin.

Tafla 1: Viðmiðunarmagn úrgangs miðað við breytilegan fjölda íbúða

Úrgangstegund	Magn á íbúð (L)	10 íbúðir (L)	20 íbúðir (L)	30 íbúðir (L)	40 íbúðir (L)
Lífrænn eldhúsúrgangur	96	960	1.920	2.880	3.840
Blandaður úrgangur	144	1.440	2.880	4.320	5.760
Pappír / pappi	240	2.400	4.800	7.200	9.600
Plastumbúðir	240	2.400	4.800	7.200	9.600

Við útreikning á stærð og fjölda djúpgáma er bent á að úrgangur rúmast betur í einu stóru íláti en mörgum litlum og því má gera ráð fyrir u.þ.b. 10% minni rýmd í djúpgámalausnum en hefðbundnum 240 L ílátum.


Leiðbeiningar varðandi rekstur, tæmingu og umgengni

Eigendur djúpgáma á viðkomandi lóð bera ábyrgð á þrifum og öllu viðhaldi þeirra. Einnig bera eigendur ábyrgð á umgengni og flokkun í djúpgámana. Eigendum ber að merkja djúpgáma og skal notast við samræmdar, samnorrænar, merkingar, sbr. reglugerð 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, þar sem hver úrgangstegund hefur sitt merki og sinn einkennislit. Úrgangur, sem komið er fyrir við hliðina á djúpgámum verður ekki hirtur.


Eigendur djúpgáma bera ábyrgð á að hægt sé að komast að djúpgámum og hægt sé að losa úrgang í þá. Ekki skal reyna að troða of stórum hlutum í gámana því þá er hætt á að innkastlokið stíflist eða festist. Húsfélög skulu upplýsa alla íbúa um hvernig skuli umgangast gámana og hafa lykil af djúpgámum svo þau geti losað stíflur ef þær myndast.

Um þrif og umgengni við djúpgáma gilda sömu reglur og um önnur ílát hjá Reykjavíkingum. Nánari upplýsingar um þrif og umgengni er að finna í samþykkt um meðhöndlun úrgangs fyrir Reykjavíkingum.


Atriði til skýringar og viðmiðunar á hönnunarstigi



Mynd 2: Dæmi um djúpgáma og uppbyggingu þeirra




Mynd 3: Nauðsynlegt rými umhverfis gáma og djúpgáma



Mynd 4: Staðsetningar djúpgámasetta úti í götu utan nauðsynlegrar yfirsýnar við gatnamót



Mynd 5: Lágmarksstærð snúningssvæðis fyrir hirðubíl



Mynd 6: Dæmigerður hirðubíll og eiginleikar hans